



Reykjavík, 20. desember 2013

Gagnsæistilkynning vegna athugunar á viðskiptaháttum Lýsingar hf. í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012

Í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 672/2012 upplýsti Lýsing hf. Fjármálaeftirlitið um viðbrögð sín við dóminum, einkum að því er laut að veitingu upplýsinga til viðskiptavina um mögulegt fordæmisgildi dómsins. Þannig hafði Lýsing hf. að eigin frumkvæði sent bréf til þeirra viðskiptavina sem voru með virka lánasamninga, sambærilega þeim sem um var fjallað í málinu. Í bréfinu var skorað á þá viðskiptavinum sem teldu sig hafa samið um lægri kjör en markaðskjör á þeim hluta samnings sem er í íslenskum krónum, að gera skriflega athugasemd og óska eftir leiðréttingu á greiðslum.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að félagið sendi ekki sambærilegt bréf til aðila sem voru með uppgerða samninga sem hugsanlega féllu undir fordæmisgildi nefnds dóms. Lagði Fjármálaeftirlitið áherslu á mikilvægi þess að allir viðskiptavinir félagsins sem tekið hefðu sambærileg lán, hvort sem þau væru upp gerð eða ekki, yrðu upplýstir um framangreindan dóm.

Að teknu tilliti til framanritaðs taldi Fjármálaeftirlitið að í eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum skv. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 1. og 5. tölul. 9. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja fælist rík upplýsingaskylda um allar nauðsynlegar upplýsingar er varða viðskiptasambandið. Það var afstaða Fjármálaeftirlitsins að í þessu tilviki næði upplýsingaskylda jafnt til viðskiptavina með virk lán og viðskiptavina með uppgerð lán.

Af ofangreindum ástæðum og á grundvelli heimildar í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi fór Fjármálaeftirlitið fram á að Lýsing hf. veitti viðskiptavinum sem gert hefðu upp lán, sambærileg þeim sem um var fjallað í dómi Hæstaréttar, sömu upplýsingar og félagið hefði veitt viðskiptavinum með virk lán enda væri um sambærilega samninga að ræða og möguleg krafa á grundvelli þeirra væri ekki fyrnd.

Bent er á að Fjármálaeftirlitið tekur ekki afstöðu til kröfuréttarlegra álitafna um hvort endurkröfuréttur hafi stofnast í einhverjum tilvikum.